

Í gær fékk MenntaMiðja að heimsækja nýtt FabLab sem er að verða til í Eddufelli í Breiðholti. Nú stendur yfir mikil undirbúningsvinna og gert ráð fyrir opnun um lok jánúar. Þegar ég mætti á staðinn var námskeið fyrir kennara í hverfinu í gangi. Þar voru þeir að læra að útbúa verk fyrir leiserskurðavélina sem var svo skorið út úr plastplötu. Það var mjög skemmtilegt að fá að fylgjast með ferlinu frá hugmynd til tölvuskjals sem varð loks fýsiskur hlutur sem mátti handleika og skoða frá öllum sjónarhornum. Það er greinilegt að það eru ótrúlegir og ótal möguleikar sem felast í FabLabinu fyrir hugmyndaríka kennara.



Kennarar á námskeiði í FabLab Reykjavík fylgjast spenntir með leiserskurðarvélinni.

FabLabið í Breiðholti er samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar, Reykjavíkurborgar og Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Nú þegar eru þar vel útbúnar tölvur, tvær leiserskurðavélar, tölvustýrður fræsari, vínýlskeri og fínfræsari sem má nota til að útbúa rafrásir. Svo er gert ráð fyrir að þrívíddarprentari bætist við fljótlega.

Tíminn í FabLabinu verður líklega þrískiptur: Það verður frátekinn tími þar sem kennarar geta komið með nemendum til að nota tækin í tengslum við skólaverkefni; hluti opnunartíma mun fara í námskeiðahald þar sem fólk getur lært á tækjabúnaðinn; og svo verður tími fyrir almenning.

Nú væri kjörið að huga að því að setja upp verkefnabanka í tengslum við notkun FabLabs í skólastarfi. Nokkur FabLab hafa verið rekin á landsbyggðinni í mislangan tíma og ekki ólíklegt að kennarar lumi á skemmtilegum verkefnum sem þeir væru tilbúnir að deila.

Fab Lab Reykjavík er í Eddufelli 2, 111 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Soffía Margrét Magnúsdóttir í síma 895 2218, reykjavik@fablab.is.



Deildu þessu með vinum:

Facebook

Reddit

Twitter

Google

Pinterest